



Horft yfir Djúpalónssand og bílastæðin þar við.

SNÆFELLSBÆR - DRITVÍKURVEGUR OG DJÚPALÓNSSANDUR

DEILISKIPULAG OG UMHVERFISSKÝRSLA DEILISKIPULAGS OG
AÐALSKIPULAGSBREYTINGAR

TILLAGA

30. NÓVEMBER 2022

UNNIÐ FYRIR
UMHVERFISSTOFNUN

 **UMHVERFIS**
STOFNUN


LANDSLAG

Efnisyfirlit

| | | |
|---|--------------------------|----|
| 1 | Inngangur | 3 |
| 2 | Forsendur | 3 |
| 3 | Deiliskipulag | 8 |
| 4 | Almennir skilmálar | 11 |
| 5 | Sérákvæði..... | 12 |
| 6 | Umhverfismatskýrsla..... | 13 |

Samþykktir

Deiliskipulag þetta sem auglýst hefur verið skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 frá _____ var samþykkt í bæjarstjórn Snæfellsbæjar þann _____.

Bæjarstjóri Snæfellsbæjar

Deiliskipulag þetta öðlaðist gildi með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda
þann _____

1 Inngangur

Landslag ehf. hefur umsjón með gerð deiliskipulags fyrir Umhverfisstofnun sem nær yfir Dritvíkurveg og Djúpalónssand í Þjóðgarðinum Snæfellsjökli. Skipulagssvæðið er um 9 ha.

Deiliskipulagið fellur undir lög nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana en það felur ekki í sér framkvæmdir sem háðar eru mati á umhverfisáhrifum. Hins vegar fellur Hólakraun undir a. lið 2. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd og því brýnt að vandað sé til verka og hrauni ekki raskað að óþörfu.

Markmið deiliskipulagsins er að útbúa þjónustustað í Þjóðgarðinum fyrir ferðamenn þar sem m.a. er gert ráð fyrir þjónustubyggingu með salernum, áningarstað, gönguleiðum og bíla- og rútustæðum.

Gerð er breyting á Aðalskipulagi Snæfellsbæjar 2015-2031 vegna breytingar á landnotkunarflokki AF-U-7, samhliða gerð deiliskipulags.

2 Forsendur


2.1 Staðhættir og núverandi aðstæður

Djúpalónssandur er einn vinsælasti viðkomustaður ferðamanna á Snæfellsnesi. Við Djúpalónssand voru á sínum tíma gerð bílastæði, þjónustuhús með snyrtingum og sett upp upplýsingaskilti á vegum Vegagerðarinnar. Einnig hefur verið gerður útsýnisstígur upp á hæð við bílastæðin og stígur niður í fjöruna. Mikil þörf er á að bæta aðstæður við Djúpalónssand en ekki er svigrúm til að stækka núverandi bílastæði á svæðinu vegna þröngra aðstæðna m.t.t. eignarhalds og landslags. Einnig anna núverandi snyrtingar ekki eftirspurn en ekki er rými til að stækka á þessum stað.

Þegar hefur verið borað eftir neysluvatni austan og ofan við Útnesveg sem nýtist fyrir væntanlegt þjónustuhús við gatnamót Dritvíkur- og Útnesvega.

Dritvíkurvegur er um 2 km langur vegur frá Útnesvegi að Djúpalónssandi. Vegurinn er að hluta til með slitlagi sem er rúmlega 3 m breitt og með nokkrum útskotum. Dagleg meðaltalsumferð fyrir árið er um 400 bílar með mesta álaginu yfir sumarið. Þar sem vegurinn er tenging við fjölmennan ferðamannastað innan Þjóðgarðs er hann flokkaður sem tengivegur.

2.2 Afmörkun skipulagssvæðisins og stærð



Mynd 1. Afmörkun deiliskipulagssvæðisins, rauð lína.

Deiliskipulagið nær yfir Dritvíkurveg og svæði meðfram honum, gatnamót Dritvíkurveg og Útnesvegur og svæði þar við ásamt gömlu námunni austan við Útnesveg fyrir nýjan áningarstað ásamt áningarsvæði og aðkomu að Djúpalónssand, allt í Þjóðgarði Snæfellsjökuls. Stærð skipulagssvæðisins er um 9 ha.



Mynd 2 Núverandi aðstæður við Djúpalónssand.




Mynd 3 Dritvíkurvegur, horft til vesturs.



Mynd 4 Gamla náman austan við Útnesveg við gatnamót Dritvíkurvegjar.

2.3 Skipulagsleg staða

2.4 Aðalskipulag Snæfellsbæjar 2015-2031



Mynd 5 hluti Aðalskipulags Snæfellsbæjar 2015-2031 eftir breytingu, breytt samhliða gerð þessa deiliskipulags.

Gerð er breyting á Aðalskipulagi Snæfellsbæjar 2015-2031 samhliða gerð þessa deiliskipulags og er sameiginleg umhverfismsatskýrsla fyrir aðalskipulagsbreytinguna og deiliskipulagið.

Í Aðalskipulagi Snæfellsbæjar 2015-2031 fellur svæðið í landnotkunarflokk *afþreyingar og ferðamannasvæði* vaktað af UST AF-U-7 *Djúpalónssandur og Dritvík*. Takmörkun á landnotkun er vegna friðlýsingar.

AF-U-7: **Djúpalónssandur og Dritvík**. Á Djúpalónssandi hefur Vegagerðin gert bílastæði og verður gengið frá því með skýrt afmörkuðum bílastæðum og akbraut. Þar rúmast samkvæmt deiliskipulagi tæplega 40 bílastæði, þar af tvö fyrir hreyfihamlaða og stæði fyrir fáeinar rútur. Núverandi þjónustuhús með snyrtingum annar ekki lengur eftirspurn og verður það fjarlægð.

Ekki er svigrúm til stækkunar bílastæða á núverandi svæði vegna landslags og eignarhalds á landi. Gert verður nýtt bílastæði og þjónustuhús með snyrtingum ofarlega norðan við Dritvíkurveg og þar verði sleppistæði fyrir rútur. Lagður verði göngustígur þaðan niður á Djúpalónssand, en þar þarf að laga efnisnotkun að umhverfi bæði varðandi lit og efni. Einnig verði biðstæði fyrir rútur ofan/austan Útnesvegur í gamalli efnisnámu. *Gera skal deiliskipulag af um 90.000 m² svæði á Djúpalónssandi með sömu afmörkun og kemur fram í nýju deiliskipulagi svæðis ofan og neðan Útnesvegur.*

Dritvíkurvegur er skilgreindur sem tengivegur í aðalskipulaginu.

Í breytingu aðalskipulagsins er einnig verið að uppfæra dreifbýlisuppdrátt aðalskipulags þar sem Þjóðgarður Snæfellsjökuls hefur þegar verið stækkaður og svæði 223 á náttúruminjaskrá minnkað að sama skapi.

Ekkert deiliskipulag er í gildi á svæðinu eða í nágrenni þess.

2.5 Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull

Deiliskipulagið er innan Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls sem er um 183 km² að stærð. Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull var stofnaður 28. júní árið 2001 í þeim tilgangi að vernda bæði sérstæða náttúru svæðisins og merkilegar sögulegar minjar. Jafnframt er markmiðið að auðvelda fólki að ferðast um svæðið og kynnast því.

Í auglýsingu um friðlýsingu Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls kemur meðal annars fram:

2. gr. Markmið friðlýsingarinnar er að vernda til framtíðar stórt og lítt snortið svæði sem hefur að geyma sérstætt landslag, lífríki og jarðminjar, þannig að náttúra svæðisins fái eftir föngum að þróast eftir eigin lögmálum. Friðlýsingin miðar jafnframt að því að vernda heildstæð náttúruleg tegunda- og vistkerfi, gróðurfar, jarðmyndanir, landslag og menningarminjar sem einkenna svæðið. Þá miðar friðlýsingin að því að tryggja almenningi aðgang að svæðinu til útivistar og til þess að kynnast náttúru og sögu þess. Með friðlýsingunni er einnig stuðlað að því að sjálfbærni sé höfð að leiðarljósi í nýtingu, stjórnun, framtíðarskipulagningu og rekstri innan þjóðgarðsins.

14. gr. Landnotkun og mannvirkjagerð. Allar athafnir og framkvæmdir, þ.m.t. mannvirkjagerð, jarðrask og aðrar breytingar á landi, innan þjóðgarðsins eru háðar leyfi

Umhverfisstofnunar, sbr. 2. mgr. 40. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd og leyfi sveitarfélagsins Snæfellsbæjar sbr. skipulagslög nr. 123/2010 og lög nr. 160/2010 um mannvirki. Landnotkun skal vera sjálfbær og miða skal að því eins og kostur er að framkvæmdir séu afturkræfar, að þær stuðli að verndun þjóðgarðsins og öryggi gesta. Mannvirki skulu falla vel að landslagi. Heimilt er að halda við mannvirkjum sem þegar eru í notkun án þess að leita þurfi leyfis Umhverfisstofnunar en um þær framkvæmdir gilda skipulagslög nr. 123/2010 og lög um mannvirki nr. 160/2010. Nánar skal fjallað um viðhald mannvirkja í stjórnunar- og verndaráætlun.

2.5.1 Verndar og stjórnunaráætlun

Í verndaráætlun þjóðgarðsins 2007-2017 kom fram að

Djúpalónssandur er fjölsóttasti staðurinn í þjóðgarðinum. Fjaran sjálf hefur há þolmörk en aðkoman að sandinum þyrfti að vera mun betri ... Nokkuð er um að fólk taki með sér steina, svokallaðar Djúpalónsperlur, af sandinum og hefur borið á því að magnið sé óhóflegt. Ætla má að fjöldi gesta á Djúpalónssandi sé yfir 100.000 manns á ári. Taki hver einstaklingur með sér 100 g af steinum er magnið samtals um tíu tonn á ári.

Í verndaráætlun þjóðgarðsins 2010-2020 kemur m.a. fram

Við hönnun mannvirkja, s.s. vega, skilta og göngustíga, verði haft að leiðarljósi að þau falli vel að umhverfinu og skerði því ekki hughrif fólks af landslaginu.

2.5.2 Náttúruverndarlög

Hólahraun fellur undir a. lið 2. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd; a. eldvörp, eldhraun, gervigígar og hraunhellar sem myndast hafa eftir að jökull hvarf af landinu á síðjökultíma. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi.

2.6 Minjar

Eftirfarandi eru þekktar minjar innan áætlaðra skipulagsmarka:

Þekkt þjóðleið er vestan við Útnesveg og er áætluð lega hennar sýnd á uppdrættinum.

Í verndaráætlun þjóðgarðsins 2007-2017 sem gerð var 2007 kemur fram að *ein af þekktustu sjávarútvegsminjum í þjóðgarðinum eru eflaust steintökin á Djúpalónssandi.*

Á Djúpalónssandi er einnig járn úr togaranum Epine GY frá Grimsby sem fórst í aftakaveðri fyrir utan Djúpalónssand í mars 1948.

Bæjarstæði Einarslóns eru þekktar minjar utan við deiliskipulagsmörkin en frá bílastæðinu við Djúpalón liggur vel merktur stígur að rústunum. Í landi jarðarinnar eru við upphaf 18. aldarinnar 22.

þurrabúðir sem að öllum líkindum tengjast útræði frá Djúpalónssandi (Árni Magnússon 1940). Jörðin lagðist í eyði um miðja 19. öld.¹

Deiliskipulagið er unnið í samráði við Minjastofnun. Minnt er á 2. málsgrein 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.

2.7 Kynning og samráð

Í vinnu við deiliskipulag eða á auglýsingartíma deiliskipulagsins er haft samráð við ýmsa hagsmunaaðila sem tengjast beint því sem snertir deiliskipulagsgerðina.

Helstu samráðsaðilar í vinnu við deiliskipulag eru Skipulagsstofnun, Umhverfisstofnun, Ráðgjafarnefnd Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls, Vegagerðin, Náttúrufræðistofnun Íslands, Minjastofnun, Svæðisskipulagsnefnd Snæfellsness, RARIK, Heilbrigðiseftirlit Vesturlands og viðeigandi nefndir og deildir Snæfellsbæjar.

2.8 Gögn deiliskipulags

Deiliskipulagið samanstendur af eftirtöldum gögnum:

- Greinargerð þessari með forsendum og skipulags- og byggingarskilmálum.
- Deiliskipulagsuppdráttur í mælikvarða 1:5000/1:1000
- Tveir skýringaruppdraettir í mælikvarða 1:500

3 Deiliskipulag

3.1 Markmið

Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir nýjum áningarstað norðvestan við gatnamót Dritvíkurvegur og Útnesvegur, til að minnka álagið á svæðinu við Djúpalónssand. Auka rútustæði verða einnig í gömlu námunni austan við Útnesveg. Á nýja áningarstaðnum verða bíla- og rútustæði auk þjónustubyggingar með salernum. Áform eru um að með tíð og tíma verði komið á skutluþjónustu milli efra og neðra bílastæðis, þannig að ekki þurfi að aka stærra rútum að neðra bílastæðinu. Núverandi snyrting verður fjarlægð við Djúpalónssand en bílastæðin verða lagfærð og útbúin sleppistæði fyrir rútur. Auk þessa er gert ráð fyrir að Dritvíkurvegur verði bættur með útskotum, núverandi stígar við Djúpalónssand bættir og lagður verður um 2 km göngustígur frá nýja áningarstaðnum að Djúpalónssandi.

¹ Fornleifaskráning strandminja frá Hellnum að Ólafsvík á Snæfellsnesi Átaksverkefni í fornleifaskráningu strandminja. Ragnar Edvardsson, Bolungarvík 2017.

3.1 Þjónustustaður við Dritvíkurveg og Útnesveg

3.1.1 Þjónustubygging

Gert er ráð fyrir þjónustubyggingu innan byggingarreits á nýja áningarstaðnum norðvestan við gatnamót Dritvíkurveg og Útnesveg. Í þjónustubyggingunni er gert ráð fyrir salernum fyrir ferðamenn sem fara um svæðið. Mikilvægt er að sú aðstaða verði til sóma og hugað sé vel að hönnun byggingarinnar þannig að hún falli sem best að umhverfinu og trufli ekki ásýnd svæðisins.

Gert er ráð fyrir að þak byggingarinnar tengist blágrænum ofanvatnslausnum.

3.1.2 Bílastæði

Innkeyrsla á bílastæðin út frá Dritvíkurvegi og út frá Útnesvegi eru staðsett skv. leiðbeiningum Vegagerðarinnar. Við Dritvíkurveg er gert ráð fyrir 48 almennum bílastæðum á þjónustusvæðinu og af þeim skulu 3 vera fyrir hreyfihamlaða. Þá er gert ráð fyrir allt að 6 rútustæðum auk snúningssvæðis fyrir rútur. Jafnframt eru þar stæði fyrir allt að 6 smárútur. Við Útnesveg er gert ráð fyrir að leggja megi allt að 14 rútum í botni gömlu námunnar í biðstæði.

Gengið skal frá jöðrum bílastæða þannig að þau falli sem best að umhverfi sínu. Við hönnun og merkingar bílastæða er leitast við að þau verði skilvirk og örugg. Afvötnun af bílastæðum skal beint í blágrænar ofanvatnslausnir.

Bílastæði eru sýnd á leiðbeinandi hátt á skipulagsuppdrætti og skýringarmyndum, en nánara fyrirkomulagi og útfærsla þeirra getur breyst við fullnaðarhönnun. Bílastæði skulu vera í samræmi við kafla 6.2 byggingareglugerðar nr. 112/2012.

Tryggja þarf að bílastæðin og breyting á Dritvíkurvegi raski ekki þjóðleiðinni sem liggur um þetta svæði.

3.1.3 Gönguleiðir og áningarstaðir

Umhverfis bíla- og rútustæðin verða göngustígar sem liggja að þjónustubyggingu. Aðgengi verður fyrir hreyfihamlaða. Við eða í nágrenni við þjónustubygginguna verður áningarstaður þar sem m.a. er gert ráð fyrir upplýsingaskiltum, borðum og bekkjum.

Göngustígar við bílastæði og áningarstaði skulu vera með föstu yfirborði og þannig útfærðir að þeir falli sem best að umhverfi sínu.

Við Djúpalónssand er gert ráð fyrir að bæta núverandi stíga svo þeir falli betur að umhverfinu.

Gert er ráð fyrir nýjum um 2 km löngum stíg norðan við Dritvíkurveg, samhliða eða í nágrenni vegarins, sem tengir nýju bílastæðin við Djúpalónssand. Ekki er gerð krafa um fast yfirborð á þessum stíg. Gæta þarf þess að stígurinn falli sem best að umhverfinu og raski ekki hrauni.

3.2 Lóðir

Gert er ráð fyrir að ein stór lóð verði fyrir bæði þjónustubyggingu og bílastæði.

Lóðarmörk eru sýnd á skipulagsuppdrætti og stærð lóðar skráð. Þessar upplýsingar eru til viðmiðunar, en nánar er gerð grein fyrir lóðarmörkum, málsetningu lóðar og lóðarstærð á mæliblaði. Þar sem misræmi er gildir mæliblað.

3.3 Byggingarreitir

Á skipulagsupprætti er sýndur byggingarreitur á lóð og skal þjónustubygging byggð innan hans. Byggingunni er valinn staður þannig að í tengslum við hana verði mótaðir útsýnisstaðir þar sem annars vegar er horft til Snæfellsjökuls og hins vegar niður hraunið til hafs.

3.4 Veitur

3.4.1 Vatn

Vegna fyrirhugaðrar þjónustubyggingar er þörf á neysluvatni en þegar hefur verið borað eftir neysluvatni rétt utan og ofan skipulagssvæðisins í samræmi við ráðgjöf ÍSOR. Borholan er staðsett í hrauninu um 30 m austan við gömlu efnisnámuna við Útnesveg og nokkuð hærra í landi en fyrirhuguð bygging. Borholan er 90 m djúp og er hún heilfóðruð niður í 82 m. Vatnsborðið í henni er á 71 m dýpi þannig að hún tekur vatnið inn í sig 11 m neðan grunnvatnsborðsins. Holan gefur mikið vatn eða 5-10 l/s.

Grunnvatni á staðnum stafar lítil hættu af mengun frá þjóðvegi, bílastæðum eða þjónustuhús vegna þess hve djúpt er niður á grunnvatnið. Staðsetning borholu er valin með tilliti til þess að mengun berist ekki í vatnsbólið frá salernisaðstöðu og hreinsivirki fráveitu. Borholan er ofan fyrirhugaðrar þjónustubyggingar og því er grunnvatnsstreymi í átt frá holunni og að þjónustubyggingu og rotþró sem tengjast henni sem og bílastæðum. Leggja þarf vatnslögn frá borholu og í gegnum vegfyllingu Útnesvegur að þjónustubyggingu.

3.4.2 Fráveita

Gert er ráð fyrir hreinsivirki fráveitu án siturlagna við þjónustusvæðið, en frárennsli frá salernum, handlaugum og gólfum salernisbyggingar verður veitt í hreinsivirkið. Hreinsivirkið er í tæplega 500 metra fjarlægð frá borholunni og Útnesvegur þar á milli. Þar sem borholan er einnig nokkuð hærra í landi er ekki talið að mengun verði í vatnsbólínu frá hreinsivirkinu. Frágangur hreinsivirkis skal vera vandaður í alla staði, þannig að engin mengun stafi af.

Staðsetning, frágangur, stærð og gerð fráveitu skal vera í samráði við Umhverfisstofnun, Heilbrigðiseftirlit Vesturlands og í samræmi við gildandi reglugerð um fráveitur og skólp sem og leiðbeiningar Umhverfisstofnar um fráveitur. Hreinsun fráveitu verður á vegum Snæfellsbæjar á kostnað Umhverfisstofnunar. Aðgengi að hreinsivirki skal vera þannig að auðvelt sé fyrir ökutæki að komast að til tæmingar og eftirlits.

3.4.3 Rafmagn

RARIK sér svæðinu fyrir rafmagni en jarðstrengur liggur úr suðri meðfram Útnesvegi og inn á skipulagssvæðið.

3.5 Dritvíkurvegur

Gert er ráð fyrir að minnka umferð um veginn með því að bæta við bílastæðum norðvestan við gatnamót Dritvíkur- og Útnesvegur. Göngustígur verður lagður norðan við Dritvíkurveg, samhliða

eða í nágrenni vegarins, í framtíðinni er gert ráð fyrir skulþjónustu frá nýjum bílastæðum að Djúpalónssandi á háannatímum. Ekki er áhugi á að breikka veginn í 6 m veg alla leið til að anna núverandi umferðarmagni.

Miðað við núverandi rask í veglínu er hægt að laga veginn í 4 m breiðan veg með bundnu slitlagi og bæta við útskotum. Útskot þurfa að vera á um 200-300 m bili. Gert er ráð fyrir að útskot verði staðsett norðan við veginn þannig að umferð út af svæðinu hafi forgang. Við gatnamótin við Útnesveg er gert ráð fyrir að breikka veginn við áætluð bílastæði í fulla breidd eða 6 m, ein akbraut með tveimur akreinum og öxlum.

Nánari útfærsla á úrbættum á veginum verður gerð á framkvæmdartíma.

3.6 Bílastæði við Djúpalónssand

Bílastæði við Djúpalónssand verð leyst á núverandi svæði. Fyrirkomulagi verður breytt þannig að umferðarflæði verði betra fyrir rútur. Alls er þar gert ráð fyrir tæplega 40 stæðum, þar af 2 stæði fyrir hreyfihamlaða. Einnig er stæði fyrir allt að 3 rútur og 2-3 smárútur.

3.7 Varðveisla minja

Þær minjar sem þekktar eru innan skipulagssvæðisins eru steintökin á Djúpalónssandi. Á Djúpalónssandi er einnig járn úr togara sem fórst þar 1948. Engar framkvæmdir eru áætlaðar á Djúpalónssandi þar sem minjarnar eru. Deiliskipulagið er unnið í samráði við Minjastofnun Íslands sem mun fá tillögu að deiliskipulagi til umsagnar og ef þörf krefur mun Minjavörður Vesturlands skoða skipulagssvæðið á vettvangi áður en deiliskipulagið öðlast gildi.

Minnt er á 24 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 um áður ókunnar fornminjar þar sem meðal annars eftirfarandi kemur fram:

„Finnist fornminjar sem áður voru ókunnar, t.d. undir yfirborði jarðar, sjávar, vatns eða í jökli, skal skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er... Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“

4 Almennir skilmálar

4.1 Almennt

Hér er lýst almennum skilmálum sem gilda að jafnaði um byggingar og framkvæmdir í tengslum við deiliskipulag þetta.

4.2 Hönnun og uppdrættir

Fara skal eftir því sem mæliblöð, hæðarblöð, skilmálar þessir, byggingarreglugerð og aðrar reglugerðir segja til um.

Á aðaluppdráttum skal sýna skipulag lóðar í aðalatriðum, hæðartölur á landi við hús og á lóðarmörkum, skjólveggi á lóð og annað það sem máli skiptir fyrir útlit og fyrirkomulag mannvirkja á lóðinni sbr. byggingarreglugerð (112/2012).

4.3 Mæliblöð

Mæliblöð sýna stærðir lóða, lóðarmörk, byggingarreiti húsa, fjölda bílastæða á lóð, kvaðir ef einhverjar eru o.fl. Allir megin hlutar húss skulu standa innan byggingarreits, eins og hann er sýndur á mæliblaði fyrir hverja lóð. Byggingarreitur sýnir lágmarksfjarlægð frá lóðarmörkum.

4.4 Sorpgeymslur og sorpgámar

Sorpgeymslur skulu almennt vera í samræmi við kafla 6.12. byggingareglugerðar (112/2012) í hverju tilviki eða samkvæmt ákvæðum sem Snæfellsbær setur. Aðgangur að sorpílátum skal vera auðveldur og greiður en þess jafnframt gætt að sorpílát séu ekki áberandi.

4.5 Frágangur lóða

Frágangur lóða skal almennt vera í samræmi við kafla 7.2 í byggingareglugerð (112/2012).

Lóðarhafi sér sjálfur um framkvæmdir og frágang á sinni lóð og ber ábyrgð á að þær séu í samræmi við samþykktar teikningar og hæðartölur skv. mæliblaði.

Lóðarhafi skal ganga frá lóð sinni meðfram opnum svæðum í þeirri hæð, sem sýnd er á mæliblöðum, og bera allan kostnað af því.

5 Sérákvæði

5.1 Almenn

Hér er lýst sérstökum skilmálum fyrir þá húsagerð sem gert er ráð fyrir í deiliskipulagi þessu.

5.2 Þjónustubygging

Innan byggingarreits er heimilt að reisa þjónustubyggingu á einni hæð að hámarki 80 m².

Þakform er frjálst og skal hámarkshæð byggingar vera 5,0 m frá gólfkóta.

Þakfletir byggingar skulu vera í fremur dökkum litum sem falla sem best inn í landslagið og tengjast blágrænum ofanvatnslausnum. Veggfletir byggingar skulu vera í brúnum eða náttúrulegum tónum.

Staðsetning innan byggingarreits er frjáls.

5.3 Áningarstaður, stígar og bílastæði

4.3.1 Yfirborðsfrágangur, tröppur, veggir og áningarstaðir

Gert er ráð fyrir að móta aðlaðandi og skjólgóðan áningarstað við bílastæðin með nestisborðum, bekkjum og upplýsingaskiltum.

Göngustígar skulu vera með föstu yfirborði og falla að aðliggjandi landhæð sem frekast er unnt.

Áningarstaður og svæði umhverfis þjónustubyggingu skal vera með föstu yfirborði og þannig útfært að það falli sem best að umhverfi sínu.

Þar sem þörf er á skal setja handrið, handlista og möskvanet eftir atvikum. Uppistöður, listar og net skulu vera úr jární, svörtu sem ryðgar, galvanhúðuðu eða ryðfríu.

Yfirborð bílastæða verða malbikuð eða lögð gegndræpu mottukerfi. Ef gerðir eru veggir í sethæð, skulu þeir vera hlaðnir eða steinsteyptir eða úr timbri. Við framkvæmdir á svæðinu (m.a. gerð steinveggja) skal forðast allt óþarfa rask á svæðinu.

Skiltagerð skal fylgja leiðbeiningum Vegrúnar-kerfisins.

5.3.1.1 Mótægisaðgerðir vegna raskaðs hrauns

Fella skal allan frágang við stíga, áningarstaði, bílastæði og önnur mannvirki vel að landi og nota eftir fremsta megni efni af staðnum eða svæðinu til lagfæringa og aðlögunar, svo sem grjót og gróðurtorfur og svarðlag sem fer undir framkvæmdasvæði. Gjarnan verði hlaðnir grjótveggir til afmörkunar svæða eða til að taka upp hæðarmun gerist þess þörf.

6 Umhverfismatskýrsla

Deiliskipulagið og aðalskipulagsbreytingin falla undir lög nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana en fela þó ekki í sér framkvæmdir sem háðar eru mati á umhverfisáhrifum.

Gerð er grein fyrir áhrifum deiliskipulagsins og aðalskipulagsbreytingarinnar á umhverfið í samræmi við 12. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, en ljóst er að nútímahraun mun raskast þar sem þjónustuhúsið og nýju bílastæðin verða staðsett. Aðrir umhverfisþættir sem verða fyrir mögulegum áhrifum er umferðaröryggi.

Helstu framkvæmdir skv. deiliskipulagi eru eftirfarandi:

- Þjónustubygging með salernum, áningarstaður og bíla- og rútustæði.
- Lagfæring á Dritvíkurvegi í núverandi vegstæði og bætt við útskotum.
- Nýr stígur norðan Dritvíkurvegjar.

Ekki er gert ráð fyrir að hraun raskist við endurbætur á Dritvíkurvegi eða við gerð nýs stígs nema í tengslum við nýju bílastæðin. Í umhverfisskýrslu eru því aðeins metin umhverfisáhrif þjónustubyggingar, áningarstaðar og bílastæða.

6.1 *Staðsetning þjónustubyggingar og bílastæða*

Tveir valkostir hafa verið skoðaðir vegna staðsetningu þjónustubyggingar, áningarstaðar og bílastæða. Báðir valkostir hafa þau jákvæðu áhrif að draga úr bílaumferð á Dritvíkurvegi að bílastæðum við Djúpalónssand sem anna ekki lengur þeirri umferð sem er um svæðið.

Fyrri staðsetning er austan og ofan við Útnesveg í fyrrverandi námusvæði. Þessi staðsetning veldur ekki frekara raski á hrauni á svæðinu og hefur því óveruleg áhrif á umhverfisþáttinn jarðmyndanir.

Námusvæðið telst mjög slæm staðsetning fyrir bílastæði vegna umferðaröryggis þar sem umferð gangandi yfir Útnesveg myndi skapa hættu á veginum. Þessi valkostur hefur því neikvæð áhrif á umhverfispáttinn umferðaröryggi.

Síðari staðsetningin er norðvestan við gatnamót Dritvíkurveg og Útnesveg. Þar þyrfti að raska hrauni til að koma fyrir bílastæðum, þjónustubyggingu, áningarstað, stígum og breikkun Dritvíkurveg. Stærð þess svæðis sem verður fyrir röskun er þó frekar lítið eða um 200m að lengd og 10-20m að breidd. Svæðið er þegar raskað að hluta og mjög lítill hluti hraunsins eru sérstæðar hraunmyndanir. Þessi staðsetning hefur því að einhverju leyti neikvæð áhrif á umhverfispáttinn jarðmyndanir. Umferðaröryggi væri mun betra á þessum stað þar sem ekki er verið að vísa gangandi umferð yfir Útnesveg. Þessi valkostur hefði því jákvæð áhrif á umhverfispáttinn umferðaröryggi.

6.1.1 Mótvægisáðgerðir

Við fyrri valkost við Útnesveg er lítið svigrúm til mótvægisáðgerða vegna umferðaröryggis, göngubrú eða undirgöng krefjast talsverðs landrýmis sem myndi valda talsverðu raski.

Við Dritvíkurveg væri hægt að draga úr neikvæðum áhrifum á jarðmyndanir með því að fella framkvæmdir sem best að umhverfi sínu eins og skilmálar eru settir um. Þá er gert ráð fyrir að nota eftir fremsta megni efni af staðnum eða svæðinu til lagfæringa og aðlögunar, svo sem grjót og gróðurtorfur og svarðlag sem fer undir framkvæmdasvæði.

Samantekt:

| Umhverfispættir | Við Útnesveg | | Við Dritvíkurveg | | |
|-----------------|--------------|---|------------------|---|---|
| Jarðmyndanir | 0 | | - | 0 | |
| Umferðaröryggi | - | | + | | |
| Niðurstaða | 0 | - | - | 0 | + |

- (+) Jákvæð áhrif á umhverfispátt.
 - Deiliskipulagið styður viðmið viðkomandi umhverfispáttar
- (0) Óveruleg áhrif á umhverfispátt.
 - Deiliskipulagið hefur ekki teljandi áhrif á viðkomandi umhverfispátt
- (-) Neikvæð áhrif á umhverfispátt.
 - Deiliskipulagið vinnur gegn viðmiðum viðkomandi umhverfispáttar
- (?) Óþekkt áhrif á umhverfispátt.
 - Deiliskipulagið hefur óljós áhrif á viðkomandi umhverfispátt, áhrif fara eftir útfærslu framkvæmdar